# VERKALÝÐSBLAÐIÐ

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!


**Blaðamenn í verkfall?**

Sjá baksiðu


*Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)* 2. Tbl. 4. Árg. 31.jan. - 14.feb. 100 kr.


# Takið þátt í starfi 8.mars hreyfingar-innar

8.MARS árið 1848 fóru konur í fyrsta sinn í verkfall. Þetta gerðist í Bandaríkjunum. Þessi dagur var svo gerður að alþjóðlegum baráttudegi kvenna árið 1910.

Nú um nokkurn tíma hefur starfað frumkvæðishópur að stofnun 8.mars hreyfingar, með það fyrir augum að gera 8.mars að virkum baráttudegi kvenna á Íslandi.

Frumkvæðishópurinn segir í boðbréfi sínu til stofnfundar, að: ".höfuðóvinur konunnar er ekki karlmaðurinn, og ekki eiga allar konur heldur sameiginlega hagsmuni. Það eru ekki karlmenn sem senda okkur út á vinnumarkaðinn þegar vel árar og heim aftur þegar gróðinn minnkar. Það eru ekki þeir, sem skera niður fjárframlög til dagheimilia og hækka gjöld, og það eru ekki þeir sem halda launum verkakvenna niðri. Það eru atvinnurekendur og ríkisvald þeirra, sem þessu stjórna, og gegn þeim verður baráttan að beinast. Við eigum enga samleið með konum, sem tilheyra stétt atvinnurekenda. Mikilvægustu baráttumál okkar í dag eru:

- Gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum!
- Dagvistarými fyrir öll börn!
- Fulla atvinnu - gegn fjöldauppsögnum!
- Sjálfsákvörðunarrétt kvenna til fóstureyðinga! "

Gegn allri heimsvaldastefnu.

Frumkvæðishópurinn leggur áherslu á að nauðsynlegt er fyrir íslenskar konur að sýna samstöðu með konum þriðja heimsins, sem þurfa að heyja harða baráttu gegn heimsvaldastefnunni, bæði þeirri Bandarísku og Sovésku, til að ná frelsi. Þá metur frumkvæðishópurinn það mikilvægt að konur taki virkan þátt í baráttunni gegn vígbúnaði og stríðsfyrirætlunum risaveldanna tveggja og herstöðvunum hér á landi.

Framh. á bls.5

**Póstnemar í Reykjavík:**

# Vilja ekki vera ódýrt vinnuafl fyrir ríkið



Mikil óánægja ríkir nú meðal póstnema búsettra í Reykjavík. Skóli þeirra, Póstskólinn, er rekinn af Pósti og síma í því skyni að mennta starfsfólk í póstafgreiðslum, en í reynd þjónar þessi skóli því hlutverki að sjá Pósti og síma fyrir ódýru vinnuafli.

Póstskólinn er fjögurra ára skóli, þar af tekur póstafgreiðslumannsnám 2 ár og síðan gefst kostur á svokölluðu yfirpóstafgreiðslumannsnámi, sem tekur önnur tvö ár. Samkvæmt upplýsingum Verkalýðsblaðsins fá nýnemar í Póstskólanum 45-50% af fullum launum (B7-flokkur BSRB) við upphaf náms, en síðan smáhækkar hlutfallið og er komið í um 90% í lok síðara árs í póstafgreiðslunámi. Síðan gefst kostur á öðrum tveimur árum, eins og fyrr segir, en það nám fer fram í frítíma starfsfólksins,

Framh. á bls.3

# SAMFYLKING Í BARÁTTU NÁMSMANNA

Forysta námsmanna í baráttunni gegn kjaraskerðingum ríkisvaldsins hefur verið í höndum "vinstri" manna í H.Í. Þeir hafa nú sýnt það og sannað að þeir eru ekki hæfir til að gegna þessu hlutverki. Starfsaðferðir þeirra eru kolrangar og sömuleiðis skipulagning. Þeir hafa síður en svo sinnt því að sameina sem flesta námsmenn til þátttöku í baráttunni, heldur hafa þeir ásamt forkólfum hægri manna látið baráttuna líða fyrir pólitískt þras sín á milli.

Undir forystu "vinstri" manna í H.Í. biðu námsmenn mikinn ósigur í lánamálabaráttunni í hittiðfyrra. Kjaraskerðingin var staðfest með vísitölubindingu námslána. Í engu var komið til móts við kröfur námsmanna um að námslán nægðu til framfærslu, eða tekið tillit til fjölskylduaðstæðna námsfólks.

Þær kröfur sem settar voru á oddinn þá eru því enn í fullu gildi:

1. Enga vísitölubindingu námslána.
2. Lán bruði 100% fjárþarfa námsfólks.
3. Fullt tillit verði tekið til fjölskyldna og barna námsfólks.
4. Sama lánsrétt fyrir alla framhaldsskóla.

EIK(m-l) leggja ríka áherslu á að þessar kröfur geti sameinað meginþorra námsmanna - miklu fleiri en þá sem standa sameinaðir undir kröfum núverandi forystu

En það er ljóst að til þess að vænta megi árangurs verður að virkja sem flesta námsmenn til baráttu og hvernig er það hægt?

EIK(m-l) telja hagsmunafélög

Framh. á bls.3

## Fjársöfnun fyrir PAC

PAC hefur mikla þörf fyrir efnalegan stuðning í baráttu sinni gegn kynþáttafasisma og erlendri ásælni í landi sínu.
EIK (m-l) hafa ákveðið að safna 100.000 kr. til PAC fyrir 1.maí til merkis um samstöðu íslenskrar alþýðu með stéttabræðrum sínum í Asaniu. Sjá bls. 4

## „Landsbankamálið"

"Landsbankamálið" og gjaldeyrissvindlið - aðeins örlítill hluti þess svindls og svínarís sem viðhaft er í viðskiptum auðvaldsins.

Sjá bls. 3

Styðjum uppbyggingu Verkalýðsblaðsins! **Söfnum milljón fyrir 1.maí giró 12200-9**

VERKALÝÐS BLAÐIÐ
ÁRÓÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

# Vegvísar í baráttunni

Þann 11.janúar sl. voru liðin rétt 3 ár frá stofnun Einingarsamtaka kommúnista (marx-leníníista). Á þeim tíma hafa samtökin margfaldast að stærð og afli. Nú hafa þau haslað sér alláberandi völl í íslenskri stéttabaráttu og náð að sameina nær alla marx-leníníista í ein samtök eftir margendurtekinn klofning svonefnds "Kommúnistaflokks (KFÍ/ML)".

EIK(m-l) eiga nokkuð lið á vinnustöðum og í stéttarfélögum í Reykjavík og Akureyri og í Háskóla Íslands og í öðrum skólum. Bein tengsl við verkalýðsstéttina og þátttaka verkafólks í samtökunum fer dagvaxandi.

Samtökin taka virkan þátt í margs konar samfylkingarstarfi með verulegum árangri eins og aðgerðirnar 1.des sl. bera vitni um. Þau eru enda einu pólitísku samtökin hérlendis sem berjast gegn allri heimsvaldaásælni, báðum risaveldunum og íslenskri arðránsstétt af festu og með árangri.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ kemur út tvisvar í mánuði og er upplagið í hvert sinn nú stærra en var meðan blaðið var mánaðarrit fyrir u.þ.b. ári síðan. Eigin prentsmiðja stendur tilbúin og fjársafnanir eða áskriftasafnanir hafa allar farið langt yfir sett mörk.

Þá gefa samtökin út námsmannablaðið TIL BARÁTTU og tímarit um marx-leníníusmann og menningarmál, RAUÐLIÐANN. Loks reka samtökin eigið bókaforlag OKTÓBER s/f, sem hefur opnað bóka- og hljómplötusölur í Reykjavík og Akureyri.

Yfirlit þetta yfir árangur EIK(m-l) á aðeins 3 árum sýnir að raunverulegur verkalýðsflokkur-kommúnistaflokkur verður til á skömmum tíma.

III.landsþing EIK(m-l) stendur fyrir dyrum. Þar verða m.a. afgreidd mikilvæg skjöl svo sem grundvallarstefnuskrá kommúnistaflokksins, áætlun um lokaskref flokksbyggingarinnar, ný lög EIK (m-l) og ýmsar ályktanir. III. landsþingið er mjög mikilvægur liður í undirbúningi stofnunar hins nýja kommúnistaflokks. Samtökin munu gera verðugt átak til eflingar starfs síns, öflun nýrra félaga og styrkara upplýsinga- og baráttustarfs.

Lesendur VERKALÝÐSBLAÐSINS, stuðningsmenn EIK(m-l), félagar samtakanna og baráttusinnar aðrir eru eindregið hvattir til þess að kynna sér leiðbeiningar og áætlanir frá landsþinginu í næstu tbl. VBL og efla starf sitt í þágu framsækinnar baráttu og sósíalismans!

# 8. mars

Í síðasta tbl. VERKALÝÐSBLAÐSINS kom fram að hafinn er undirbúningur að baráttuaðgerðum 8.mars n.k. en það er alþjóðadagur kvennabaráttunnar.

Konur eru undirokaður þjóðfélagshópur vegna sögulegrar þróunar þjóðfélaga frá upphafi stéttskiptingar og vegna eðli núverandi arðránsþjóðfélags. Konur skiptast í stéttir eins og aðrir hlutar þjóðarinnar, og eru flestar í verkalýðsstétt. Þeim hópi kvenna og konum úr röðum bændaalþýðu, sjálfstæðra fiskimanna og menntafólks verður að fylkja til baráttu gegn hvers kyns undirokun og gegn auðvaldsskipulaginu.

EIK(m-l) hafa forgöngu um myndun slíkrar baráttusamfylkingar n.k. 8.mars.

8.mars sem baráttudagur í kvennabaráttunni krefst enn öflugara undirbúningsstarfs en hinn árangursríki samfylkingarfundur 1.des.sl. gegn risaveldunum og allri heimsvaldaásælni. Félagar EIK(m-l), stuðningsmenn, allt jafnréttisfólk og baráttusinnar verða að koma til liðs við 8.mars-nefndina í þessu skyni. Helstu verkefnin eru þessi:

- 1. Traust fjárhagsstaða er nauðsyn. Sala merkis 8.mars-nefndarinnar verður að vera markviss þegar í stað.
- 2. Fjöldaáróður er eina tryggingin, fyrir utan stefnugrundvöllinn, fyrir góðri þátttöku í aðgerðum 8.mars. Hann fer fram með skipulagðri dreifingu dreifirita og með persónulegum samtölum. Hefjist handa!

- 3. Í skólum og á sumum vinnustöðum er unnt að stofna staðbundnar 8.mars-nefndir sem skipuleggja fjöldastarfið á staðnum. Þær hafa náið samband við aðalnefndina og geta t.d. gefið út eigin dreifirit.
- 4. Aðalnefndin sjálf er fámenn. Samfylkingin utan um hana er mannmörg. Sem flestir verða að vera virkir í starfi. Leitið því óhrædd til aðalnefndarinnar eftir verkefnum.

GERUM 8.MARS AÐ BARÁTTUDEGI!
Framkvæmdanefnd miðstjórnar.

# Hækkuð áskriftagjöld

Það stóð á endum, að útbreiðslustjórn Verkalýðsblaðsins var varla búinn að ákveða áskriftargjöld fyrir árið 1978, að Póstur og sími fékk gífurlega hækkun á gjaldskrám, og hækkuðu póstburðargjöld fyrir blöð og tímarit hlutfallslega langmest, eða úr kr. 5 pr. eintak í kr.20 eða fjórfalt! Þegar er því ljóst að áskriftargjöldin eins og þau höfðu verið ákveðin, eru of lág og hefur dreifingarstjórn ákveðið þau þannig: 1 árs áskrift: kr. 3000- í stað kr. 2000. 1/2 árs áskrift kr. 1500 í stað kr. 1000. Til útlanda kr. 4000 í stað kr. 3500. Stuðningsáskrift kr. 5000 í stað kr. 4000.

Verkalýðsblaðið biður áskrifendur velvirðingar á þessum óþægindum, sem þó eru óhjákvæmileg. Jafnframt minnum við á það að áskriftargjöldin eru þegar fallin í gjalddaga og skorum á áskrifendur að labba við á næsta pósthúsi og greiða gjöld sín til að spara okkur frekari innheimtuaðgerðir. Verkalýðsblaðið er blað sem þiggur ekki ríkisstyrk og hefur engar tekjur af auglýsingum (og myndi hafna hvoru tveggja þó í boði væri!). Því er hver borgandi áskrifandi okkur afar mikilvægur. Sendið greiðslu í pósthólf 5186 í Reykjavík eða á gíró nr. 12200-9.

LIFI VERKALÝÐSBLAÐIÐ!

# Fræðslufundur EIK(m-l)

Næsti fræðslufundur EIK(m-l) verður haldinn 18.febrúar n.k. í Prentarahúsinu Hverfisgötu 21. R.

Efni fundarins er "Sovétríkin eru ekki sósíalísk". Verður þar fjallað um bæði utanríkisstefnu og ástandið í Sovétríkjunum sjálfum. Þetta efni er mjög mörgum hugleikið þar sem mikið lið hjálpast við að hvítþvo Sovétríkin af öllu því sem sýnir greinilega fram á að þau séu ekki sósíalísk - en helstu talsmenn þessa liðs eru Morgunblaðið og Þjóðviljinn.

Fyrri fræðslufundir EIK(m-l), sem fjallað hafa um Afríku, um stéttarfélöfin sem baráttutæki og uppbyggingu sósíalismans í Alþýðulýðveldinu Kína, hafa tekist mjög vel. Fyrirkomulag fundanna er þannig að eftir framsöguræðu eru umræður manna á millum í hópum, þannig að allir hafa gott tækifæri til þess að láta hugmyndir og vangaveltur sínar í ljós.

EIK(m-l) - FRÆÐSLUFUNDUR: "Sovétríkin eru ekki sósíalísk" í Prentarahúsinu, Hverfisgötu 21 Reykjavík - Laugardaginn 18.febr. Kl. 15.00




Nú hafa borist 254 þús.kr. í söfnunina, og er það mjög góð byrjun. En það gerur engum dulist að eingöngu með miklum dug mun takmarkið nást. Félagar og velunnarar blaðsins eru því hvattir til að gera sitt ýtrasta til að okkur takist að safna 1.milj. fyrir 1.maí og taka þannig þátt í uppbyggingu Verkalýðsblaðsins.

Gefið reglulega í prentsmiðjusöfnunina. Sendið peningana í Gíró 12200-9. Merkt prentsöfnun, eða greiðið til sölumanna Verkalýðsblaðsins.

## HAFIÐ SAMBAND VIÐ EIK(m-l) OG OKTÓBER FORLAGIÐ

EIK(m-l) Akureyri: Hafnarstræti 79. Opið: þriðjudaga kl. 5-7 og föstudaga kl. 4-6.

EIK(m-l) Reykjavík: Óðinsgötu 30. Opið: miðvikudaga kl. 5-7, föstudaga kl.5-7 og laugardaga kl. 2-4. Sími 29212. Pósthólf 5186.

EIK(m-l) Kaupmannahöfn: Sigrún Ágústsdóttir, Öresundskollegiet, J-102, Dalslandsgade 8, 2300 København S.

EIK(m-l) Oslo: Steinunn Hjartardóttir, Schultsgate 7, Oslo 3. Sími 694450, kl.5-8.30.

EIK(m-l) Uppsalir, Svíþjóð: Haraldur Arngrímsson, Flogstavägen 93 F, Uppsala.

.....

EIK(m-l) hefur gíróreikning nr. 12 200-9.

Á öllum þessum stöðum fæst einnig Verkalýðsblaðið og útgáfuefni Október-forlagsins og EIK(ml).

Ég óska eftir að gerast áskrifandi að Verkalýðsblaðinu (Pósthólf 5186, Rvík).

NAFN

HEIMILISFANG

BÆJARFÉLAG

Áskriftargjald kr.....er greitt inn á póstgíróreikning nr. 12200-9.

**gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum**

# Ræstingarkonur:
# Kjaraárás hrundið

Í haust ráðgerði bæjarstjórnin í Kópavogi að bjóða út alla ræstingu, sem bærinn sér um, þ.e. í skólunum og á skrifstofum bæjarins sjálfs. Ræstingakonurnar voru ekkert spurðar, en þær fjölmenntu á fund bæjarstjórnar og mótmæltu þessu aðförum að atvinnuöryggi og launamálum þeirra.

Rök bæjarstjórnar voru þau að með útboði fengist ræsting fyrir lægra verð. Hvorki ræstingakonur né aðrir sáu hvernig svo mætti verða öðruvísi en með því að það kæmi annað hvort niður á launum eða að ræstingin yrði verri, nema hvort tveggja væri. Og eitthvað fengi hreingerningafyrirtækið í sinn hlut, þegar búið væri að greiða vinnulaun til ræstingakvennanna. Mér finnst þessi ákvörðun bæjarstjórnarinnar vera bein árás á ræstingarkonurnar og yfirlýsing um að þær vinni verk sín ekki nógu vel miðað við laun. Réttur ræstingakvennanna stendur svo vel að bæjarstjórnin varð að bakka með allt saman, alla vega í bili. Þær stóðu vel saman á bak við réttmætar kröfur sínar og eru öðrum verkalýð gott fordæmi.

Ég skil ekki í öðru, en að því verði algerlega vísað á bug að svona hagræðingu verði komið á bæði í ræstingu og öðru, þar sem þarna er hagur verkafólksins skertur verulega en auðfélögum færður gróðinn á silfurbakka.

Ég sá þess mynd í blaði og fannst hún svo góð að ég hnoðaði við hana vísu í tilefni ræstingakvennasamstöðunnar. Vísan er svona:

Þar trjóna styttur á háum stalli
fyrir stjórnun á auð og löndum.
Það flýtir fyrir þeirra falli
að fatan og kústurinn er í okkar höndum.

Verkalýðsfréttaritari



# Framboðsbröltið í Dagsbrún
# VÍTI TIL VARNAÐAR

"Menn geta gert sér í hugarlund hver framvinda íslenskrar verkalýðsbaráttu yrði ef slíkir stjórnvitringar næðu völdum í verkalýðsfélögum landsins. Varla myndu kjör verkamanna batna við slík vinnubrögð í harðri samningabaráttu"...."Meðframbjóðendur mínir, sem ég lýsi nú vanþóknun á og aumka fyrir barnaskap, að ekki sé dýpra tekið í árinni, skipuðu þrjú efstu sæti andstöðulistans og eru Sigurður Jón Ólafsson, Benedikt S. Kristjánsson og Ólafur Vilbertsson. Þetta framferði þeirra, að slá vopnin úr eigin höndum, lýsir fáránlegum og félagslegum vanþroska, enda skal það undirstrikað að þessir höfðu aldrei samráð við meðframbjóðendur né neina stuðningsmenn listans".

Þetta eru orð Hermanns Ólasonar, eins af frambjóðendum Sigurðar Jóns Ólafssonar o.fl. til stjórnarkjörs í Dagsbrún í janúar, en eins og kunnugt er af fréttum, rann framboðið út í sandinn af mörgum orsökum. "Mótframboðið" gegn Dagsbrúnarforystunni, sem var undirbúið og í miklum upphlaupastíl, var ekki betur frágengið en svo, að forystunni tókst að koma því fyrir kattarnef á tveimur dögum. Í fyrsta lagi reyndist framboðslistinn ekki standast lagabókstaf Dagsbrúnar (vantaði m.a. framboð 100 manns í trúnaðarmannaráð félagsins, sem í sjálfu sér er fáránlegt að þurfi að bjóða fram við stjórnarkosningar). Þegar þetta kom í ljós, lét Dagsbrúnarforystan "kjörnefnd" sína fjalla um málið (formaður hennar er Eðvarð formaður Dagsbrúnar!) og áður en að hún felldi úrskurð sinn, lét Dagsbrúnarforystan Benedikt og Sigurð Jón, meðreiðarsveina sína úr "Kommúnistaflokki Íslands/ML" á Verkamannasambandsþinginu, undirrita yfirlýsingu um að þeir myndu hlýta úrskurði kjörnefndar - hver sem hann yrði!! Vandfundnari er meiri lotning fyrir forystuklíku Dagsbrúnar! Sigurður og félagar fengu síðan tveggja daga frest til að lappa upp á framboðslista sinn og tóku þeir þá til þess bragðs að setja inn á listann fólk sem hafði ekki gefið til þess skriflegt samþykki og fólk sem ekki reyndust fullgildir félagar í Dagsbrún. Eftir að Dagsbrúnarforystan fann þetta út, var framboðið ónýtt og forystan stendur um sinn eftir með pálmann í höndunum.

ENGIN BARÁTTA GEGN STÉTTASAMVINNU.

Mótframboðið í Dagsbrún var í með öllu ótímabært og enginn valkostur fyrir baráttusinna, þó af hefði orðið. Það beindist ekki gegn stéttasamvinnu og svikum Dagsbrúnarforystunnar og var ekki framhald af undirbúningsstarfi í Dagsbrún. Þetta var upphlaup í stíl við "hallarbyltingu" - sem byggði á aðeins "rauðari" slagorðum en Dagsbrúnarforystan skreytir sig með dagsdaglega.

Stefna sú sem Einingarsamtök kommúnista (m-l) leiða í verkalýðshreyfingunni er í grundvallaratriðum ólík þessum upphlaupastíl, sem félagar úr "KFÍ/ML" leiddu í framboðsbröltinu. EIK (m-l) vinna að árðbæri og skipulagningu verkafólks gegn undanslætti, stéttasamvinnustefnu og svikum Dagsbrúnarforystunnar og eru í ósættanlegri andstöðu við stefnu forystunnar eins og hún birtist verkafólki. Mótframboð gegn stjórn Dagsbrúnar mun koma í kjölfar og sem árangur af slíku uppbyggingarstarfi í Dagsbrún, en alls ekki sem fyrsta skrefið. EIK(m-l) hvetja baráttufólk í Dagsbrún til að láta ekki deigan síga, þrátt fyrir að forystunni hafi tekist að lemja niður veikburða tilburði til andófs, heldur taka höndum saman og berjast skipulega gegn stéttasamvinnustefnunni í félaginu og byggja Dagsbrún upp á ný sem raunverulegt baráttutæki verkamanna í Reykjavík.

Verkalýðsfréttaritari.

# Námsmenn:

Framh. af forsíðu

hvers skóla og hverrar námsbrautar þann vettvang þar sem hægt er að virkja og sameina stærstan hluta námsmanna, án tillits til pólitískra skoðana. Því þarf að efla og styrkja þau félög sem óvirk eru og breyta þeim í baráttutæki í námslánabaráttunni, þar sem engin hagsmunafélög eru til, verða námsmenn að stofna samfylkingarhópa.

Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að stjórn stúdentaráðs leitaði til deildarfélaganna í haust, en það var varla hennar frumkvæði (sbr. dreifirit EIK(m-l) frá í vor og grein í Stúdentablaðinu í haust), og því hefur hugur varla fylgt máli.

Meginmarkmið félaganna ætti að vera þríþætt:

1. Að vinna innra fræðslustarf, en í því felst að vekja menn til meðvitundar um stöðuna í hinum ýmsu málum.
2. Að vinna árðbursstarf bæði gagnvart meðlimum sínum og út á við.
3. Að vera tæki til baráttuskipulagningar.

Félagar hagsmunafélaganna ættu að skipuleggja sig í hópa innan þeirra, þar sem hin ýmsu hagsmunamál og aðgerðir yrðu ræddar.

Brýnasta verkefni í námsmannabaráttunni nú er að vinna að lánamálunum. Það hefur kjaraskerðingarárás ríkisvaldsins komið hvað harðast niður á námsmönnum, og því nauðsynlegt að nota réttar aðferðir og rétt skipulag í baráttunni. Aðferðir núverandi forystu, þar sem meira að segja trotskistar úr Fylkingunni hafa fengið að vaða uppi með sína klofningspólitík, hafa sýnt að þær eru óhæfar. Trotskistum hefur óátalið haldist uppi að mæta í aðgerðir námsmanna með eigin vígorð. Eina leiðin til að snúa vörn í sókn er öflug samfylking allra námsmanna. Reynsla námsmanna í lánabaráttunni ætti að fara að sýna þeim að ríkisvaldið er þeirra höfuðóvinur.

EIK(m-l) í H.Í.

# Póstnemar:

Framh. af forsíðu

(kvöldnámskeið) og yfirleitt komast menn ekki í launaflokk B9 fyrr en að þessum árum loknum (gildir fyrir nemendur í Rvík). Þess má einnig geta að fyrri tvö árin reiknast aðeins eitt ár í starfsaldri og eru póstnemar eðlilega óhressir með það.

Nú gerðist það hinsvegar vorið 1977, að hópur starfsfólks Pósts og síma vígs vegar af landinu kom til Reykjavíkur og tók nám sem jafngildir tveim fyrri árum Póstskólans á námskeiði sem stóð í fáeina mánuði. Þessi hópur kom aftur til borgarinnar í janúar 1978 og taka nú síðari tvö árin á fáeinum mánuðum. Allan tímann sem námskeiðin standa er starfsfólkið á fullum launum (réttlátt og eðlilegt!) auk dagpeningagreiðslna. Í fyrra fékk það kaup skv. flokki B7, en eftir síðara námskeiðið lendir það í flokki B9, en eins og að framan greinir þurfa póstnemar í Rvík að taka fyrri árin á mjög skertu kaupi og hin síðari í fríttímanum.

BARÁTTAN BEINIST GEGN RÍKISVALDINU.

Póstnemar í Reykjavík leggja á það ríka áherslu að barátta þeirra beinist ekki gegn póstnemum vígs vegar um landið, sem koma á námskeið til Reykjavíkur, heldur beinist hún gegn ríkisvaldinu og þá sérstaklega Pósti og síma. Kröfur þeirra eru helstar þær, að samræmt verði nám og kaup allra - og þá þannig að kjör Reykvíkinga á námstíma verði sa samræmd því sem gerist hjá öðrum póstnemum, en alls ekki að af rétti/kjörum hinna verði skorið. Þá er og á það bent, að yfir höfuð eru engin lög eða reglur fyrirfinnanlegar um Póstskólann, svo sem að litið sé á nema sem nema, en ekki bara sem ódýrt og handhægt vinnuafl. Sem dæmi um hversu augljós þessi stefna Pósts og síma er, má nefna að nemendum á fyrri tveimur árum skólans er sagt að óvíst sé hvort þeir fái vinnu hjá fyrirtækinu eftir námstímann. Þannig er sá möguleiki hafður í bakhöndinni að losa sig við nemana (þegar þeir hafa náð fullum launum) og fá nýja nema á hálfum launum í staðinn.

Skipulagning póstnema í þessari baráttu er mjög skammt á veg komin og má t.d. nefna að hugmynd um skæruverkfall nema rann út í sandinn vegna skipulagsleysis. Þá dugar ekki að reiða sig á að stjórn póstmannafélagsins kippi málinu í liðinn. Hún hefur horft aðgerðalaus á framvindu mála. Það er því aðeins skipulögð fjöldabarátta sem mun færa sigur.

EIK(m-l) senda póstnemum í Reykjavík stuðnings- og baráttukveðjur og leggja sérstaka áherslu á samstöðu allra póstnema í réttindabaráttu gegn ríkisvaldinu.

Verkalýðsfréttaritari.

# Gjaldeyrissvindl og Landsbankinn:
# Uppgjör innan auðstéttarinnar

Mikið hefur verið rætt um fjármálaspillingu í íslenskum blöðum að undanförnu. Þar hefur hæst borið svonefnt "Landsbankamál", ásamt með gjaldeyrissvindli ýmissa þeirra sem flutt hafa inn skip frá útlöndum. Að sjálfsögðu blöskrar venjulegu launafólki þær upphæðir sem þarna eru í veði, en sé grannt skoðað, eru þetta aðeins smáupphæðir á mælikvarða íslenskrar auðstéttar. Það er enginn vafi á því að hér er á ferðinni aðeins örlítill hluti þess svindls og svínarís sem viðhaft er í viðskiptum auðvaldsins.

Ýmis rök hnígja að því að í báðum þessum málum sé um að ræða einskonar uppgjör innan íslenskrar auðstéttar. Ástæðan fyrir afhjúpun gjaldeyrirsvindlsins varðandi skipakaupin frá Noregi er sú að þeir sem þarna voru innundir voru farnir að veita öðrum innflytjendum og útgerðarjöfrum of harða og ójafna samkeppni. Þess vegna var einum anga ríkisvaldsins, starfsfólki skattakerfisins, gefið leyfi til að rannsaka málið og gera lýðnum ljóst. Hins vegar vill svo illa til að í mál þessi eru flæktir miklu fleiri áhrifamenn en í upphafi var talið. Það veldur m.a. því að enn veigra rannsóknarmenn sér við að birta nöfn. Eftir því sem margir þykjast vita koma þarna við sögu einhverjir þingmenn og varaþingmenn a.m.k. tveggja borgaraflokka, íhaldsins og framsóknar.

Í Landsbankamálinu er enn greinilegra að um uppgjör innan viss hluta auðstéttarinnar er að ræða. Svó sem menn rekur minni til gerðist Alþýðubankinn full aðgangsharður fyrir nokkrum árum og veitti ýmsum auðherrum sérstaka "fyrirgreiðslu". Bankamaffan fórnaði tveim meðlimum sínum, bankastjórunum Óskari Hallgrímssyni og Jóni Hallssyni. Óskar tók þetta líklega á engan hátt nærri sér, fyrir hann var þetta aðeins einn af mörgum bitlingum. Jóni Hallssyni féll þetta hinsvegar illa.

Bankamennskan hafði verið og var hans aðalstarf um langan aldur, og hann var orðinn einn af áhrifameiri mönnum þessa forréttindahóps. Eftir brottreksturinn hefur Jón ekki fengið starf "við sitt hæfi" í bankakerfinu. Því réð hann sig til Sindra (sem einmitt kærði Hauk Heiðar) sem aðalumsjónarmaður fjárreiðna fyrirtækisins. Gegnum þetta starf gat hann hefnt sín á maffunni sem fleygði honum út. Hann valdi að láta hefnd sína vera heldur litla til að byrja með, - einn úr maffunni hlaut að vera nóg til að hrófla illilega við hinum. Þetta er vafalaust það sem hann gerði. Og ekki skortir Jón Hallsson, fyrrverandi bankastjóra, þekkingu og kunnáttu til að gera afhjúpun sína svo úr garði að hún væri pottþétt, auk þess sem hún takmarkaðist aðeins við einn mann og örfá "saklaus" fyrirtæki.

Endurskoðunarsinnar reyna sem óðast að sverja af sér fjármálaspillinguna. Þjóðviljinn skrifar fjálglega um "þjófnað úr vösum almennings". En skyldi Þjóðviljinn hafa gleymt því að hann á einnig sína fulltrúa í bankamaffunni? Eða hafa ekki nöfn eins og Einar Olgeirsson, Guðmundur Hjartarson o.fl. verið nefnd í sambandi við æðstu yfirstjórn banka (m.a. Landsbankans) á Íslandi?

Íslenskur verkalýður trúir ekki slíku yfirklóri Alþýðubandalagsins. Því síður trúir hann þeim áróðri æðstu manna bankakerfisins að hér sé aðeins um að ræða "einstakling sem bregst skyldu sinni". Ólögleg, leynileg fjáröflunarstarfsemi hefur alltaf og mun alltaf viðgangast innan auðstéttarinnar í stórum stíl, meðan hún er við völd. Þar þykir sá bestur sem stærstur er þjófurinn.

utan úr heimi

lönd vilja sjálfstæði
þjóðir vilja frelsi
alþýðan vill byltingu

# ASANIA

# Styðjum baráttu PAC

Suður-Afríka er eitt af höfuðvígjum fasisma og kynþáttakúgunar í heiminum í dag. Þar ríkir hvít minnihlutastjórn, en meginhluti íbúa landsins, svarti meirihlutinn, er undirokaður á svívirðilegan hátt og er algjörlega réttindalaus í sínu eigin landi. Þar sem ríkir undirokun vex andstaða meðal þeirra sem undirokaðir eru; þetta er lögmál sem sagan hefur sannað. Andstaða gegn undirokun og heimsvaldastefnu rís nú hæst í löndum 3.heimsins og birtist sem vopnuð frelsisbaráttu alþýðunnar gegn nýlenduherrum, eða innlendum leppum þeirra eins og er í ný-nýlendunum (ný-nýlendur eru þau lönd kölluð, sem eru frjáls að nafninu til, en efnahagslega háð heimsvaldalöndum). Í Azaníu (S-Afríku) hefur átt sér stað barátta allt frá komu fyrstu nýlenduherranna. Í fyrstu óskipulögð, en í dag skipulögð undir forystu Pan African Congress - PAC.

Upphaf baráttunnar í Azaníu.

Hollendingar urðu fyrstir til að taka sér nýlenduvöld í Azaníu. Þetta var um miðbik 18.aldar, og settust þá margir Hollendingar að í landinu, og nefndust þeir Búar. Um síðustu aldamót tóku Bretar við sem nýlenduherrar eftir langvarandi stríð við Búa. Innfæddir snérust gegn kúgurunum sem rændu þá jörðum sínum og auðlindum, en baráttan var óskipulögð, og nýlenduherrarnir háðu grimmúðleg útrýmingarstríð til að festa sig í sessi. Árið 1910 fékk Suður-Afríka "sjálfstæði", varð nýlenda Breta.

Árið 1912 var fyrsta skipulagða frelsishreyfingin stofnuð: African National Congress - ANC. Hreyfingin var leidd af menntamönnum sem aðhylltust friðar - stefnu, og varð baráttunni því lítið ágengt. Ágreiningur kom upp innan hreyfingarinnar um baráttuleiðir sem lyktaði á þann veg að hreyfingin klofnaði árið 1959 og ný hreyfing var stofnuð: Pan African Congress - PAC. PAC og ANC greindi ekki á hugmyndafræðilega í höfuðatriðum , en stefna PAC byggir á vopnaðri baráttu alþýðunnar sem baráttuleið fyrir markmiðunum sem er kollvörpun hvítu minnihlutastjórnarinnar og sjálfsákvörðunarréttur til handa Afrikönsku þjóðunum. Árið 1960 var PAC bannað og hefur starfað leynilega síðan.

ANC er nú leitt af "Kommúnistaflokki S-Afríku" sem er flokkur á Moskvu-línu og á allan hátt mjög hallur undir Sovétríkin sem treysta nú efnahagslega stöðu sína í Afríku.

Vorster-stjórnin tryggir hagsmuni heimsvaldastefnunnar.

Vorster-stjórnin sem ríkt hefur í Azaníu allt frá 1948 sér fyrir því að tryggja erlendum fjárfestingaraðilum í landinu gróða. Það gerir hún með því að halda launum innfæddra niðri og átthagabinda þá, og svipta þá öllum sjálfsögðum mannréttindum. Niðurstaðan er: Stöðugt og ódýrt vinnuafl, engin hætta á kostnaðarsömum vinnudeilum, öruggur gróði. Stærstu fjárfestingaaðilarnir eru Bandaríkin og Bretland, sem eru að sjálfsögðu dyggir stuðningsmenn Vorster-stjórnarinnar.

Auk þess að vera ríkt af auðlindum er Azanía hernaðarlega mikilvæg. S-Afríka er ekki NATO-ríki, en NATO hefur þar njósna -og loftskeytastöð sem getur fylgst með umferð á hafi og í lofti á svæðinu frá Góðravonarhöfða að Norður - Afríku og strönd S-Ameríku.

Nauðsyn stuðningsstarfs fyrir PAC

Eins og af framanskráðu má ráða er baráttan í Azaníu geysihörð. PAC, sem leiðir baráttuna á sér viðtækan stuðning meðal íbúanna. Í 15.tbl, Vbl. var haft eftir David Sibenko, yfirmanni utanríkisrengsla PAC, að alþýða Azaníu væri reyðubúin að fara leið alþýðustríðsins til frelsunar lands síns og takmarkið væri uppbygging lýðræðislegs samfélags sem standi gegn allri kynþátta - stefnu, samfélags er byggi á afrískum menningarhefðum.

Í dag eru það 4 móthverfur sem einkenna ástandið í heiminum og er það móthverfan milli kúguðu þjóðanna annars vegar og heimsvaldastefnunnar og sósíalheimsvaldastefnunnar hins vegar, sem mestu ræður um þróun heimsmálanna ( sjá alþjóðaályktun EIK(m-l). Af þessu ætti að vera ljós nauðsyn þess að vinna virkt stuðningsstarf fyrir alþýðu Azaníu sem á einmitt í harðri baráttu um þessar mundir.

Hér hefur verið reynt að gera grein fyrir ástandinu í Azaníu í grófum dráttum. Þeim sem vilja kynna sér málin nánar er bent á að í bókabúðinni Október, Óðinsgötu 3o, er gægt að fá ýmislegt efni frá PAC.

## 100 þús handa PAC

Fyrir rúmu ári síðan komu hingað tveir fulltrúar þjóðfrelsishreyfingar í Azaníu (S-Afríku) í boði EIK (m-l). Hreyfing þessi heitir Pan Africanist Congress -PAC- og er afar öflug m.a. vegna einarðrar baráttustefnu sinnar.

Svonefnd Azaníunefnd - samvinnuhópur EIK (m-l) og "KFÍ/ -ML" - hélt opinberan fund með fé félögunum tveimur. Heppnaðist hann vel og ýmsir fjölmiðlar birtu viðtöl við þá og frásagnir af þjóðfrelsisbaráttu afrísku þjóðanna.

Að fundi loknum sýndi "KFI/ML" PAC og stuðningsstarfinu ekki frekari áhuga, þannig að EIK (m-l) hafa ein staðið að fjársöfnun síðan og upplýsingamiðlun um PAC.

Á vegum Azaníunefndarinnar söfnuðust 25.ooo kr. til PAC er voru sendar Lundúnarskrifstofu PAC haustið 1976. Nú liggur enn fyrir fjárhæð er EIK (m-l) hafa safnað.

PAC hefur mikla þörf fyrir efnalegan stuðning í baráttu sinni gegn kynþáttafasisma og erlendri ásælni í landi sínu. EIK (m-l) hafa því ákveðið að safna loo.ooo kr. til PAC fyrir 1.maí n.k. til merkis um samstöðu ísl.-alþýðu með stéttarbræðrum sínum í Azaníu.

EIK(m-l) munu skipuleggja söfnun m.a. í skólum og víðar í




Reykjavík og á Akureyri. Dreift verður upplýsingariti um PAC og baráttuna í Afríku samtímis. Samtökin skora á félaga sína og alla stuðningsmenn framsækinnar baráttu að leggja hönd á plóginn. Sömu hvatningu er beint til félagssamtaka - þ.á.m. til "KFÍ/ML". Geta þau annað hvort sent framlögin beint til PAC með aðstoð EIK(m-l) eða gefið í söfnunina.

SKRIFIÐ EFTIR SÖFNUNARLISTUM OG DREIFIRITI EÐA SENDIÐ FJÁRFRAMLÖG Í PÓSTHÓLF 5186, lo5 REYKJAVÍK, MERKT PAC.

loo þús.kr.til PAC!
Lifi þjóðfrelsisbaráttan í Azaníu!

# ALBANÍA: 85% neysluvara framleiddar innanlands

Sósíalískir framleiðsuhættir hafa margsinnis sannað yfirburði sína. Í Albaníu vinnur verkafólk stöðugt stærri sigra í iðnaðaruppbyggingunni og í að uppfylla þarfir á nauðsynjavörum innanlands.

Nýlega var frá því skýrt í fréttabréfi albönsku fréttastofunnar ATA að verkafólk í létta- og matvælaiðnaði ásamt verkafólki í öðrum starfsgreinum uppfyllti nú 85% af þörfum albanskrar alþýðu fyrir neysluvörur. Í einstökum framleiðslugreinum er þörfinni mætt 100% eða rúmlega það.

Mikil áhersla hefur verið á það lögð í Albaníu að byggja upp létta- og matvælaiðnaðinn, til að gera landið sem mest sjálfu sér nægt um nauðsynjavörur. Stórum áföngum var náð með 5. ára áætluninni (1971-1975). Þrátt fyrir fólksfjölgun sem árið 1975 nam 2,3 sinnum fólksfjölda ársins 1938, hefur framleiðsla neysluvara aukist 80 sinnum, og þjóðartekjur aukist 11 sinnum.

Útflutningur iðnaðar- og matvara jókst einnig verulega með síðustu fimm ára áætluninni. Verðmæti útflutnings þessara vara tvöfaldaðist á árunum frá 1970-1975.

Nú er 6. fimm ára áætlunin í gangi (1976-1980), og munu heildarafköst framleiðslunnar í Albaníu aukast um 25%, en í einstaka framleiðslugreinum jafnvel meira, og er þá aðallega um að ræða framleiðslugreinar nauðsynjavara. Útflutningur á þessum vörum mun aukast sem nemur 37% frá síðastu fimm ára áætlun. Albönsk alþýða er ákveðin í að berjast fyrir þessum markmiðum með leiðsögn flokks vinnunnar í Albaníu.

# Sovétríkin: ANDSTAÐAN GEGN KREML-FASISMANUM EFLIST

Það hefur talsvert verið skrifað um andstöðu menntа- og listamanna við fasismann í Sovétríkjunum. Fáar fréttir hafa borist um þá miklu andstöðu sem eflist jafnt og þétt meðal verkalýðs og vinnandi alþýðu. Sú andstaða er bæði til skipulögð undir forystu raunverulegra kommúnista og óskipulögð sjálfsprottin andstaða.

Ferðamenn sem fara um Sovétríkin segja frá miklum götuóeirðum í borginni Kíef fyrir nokkrum árum, þar sem lögreglu og her var beitt gegn mótmælagöngum. Kunnar eru mótmælagöngur í Eistlandi, Lettlandi og Georgíu. Þeir sem lesa og fylgjast með sovéskum blöðum greina frá því að mikið er skrifað um alls konar agavandamál á vinnustöðum - drykkjuskap, afbrot og jafnvel skemmdarverk. (T.d. Trut málgagn sovésku verkalýðssamtakanna) þar er líka getið um aðferðir valdhafa til að leysa þessi vandamál með hertu eftirliti, auknum lögregluaðgerðum o.s.frv.

Árásir á mennta- og listamenn fyrir andstöðu gegn Kreml eru þekktar. Nýlega komu í fyrsta sinn fram opinberlega fulltrúar fyrir andstöðu verkalýðsins. 38 manns frá 24 borgum tóku frumkvæði að ritun opins bréfs sem afhjúpar þá "ógnarkúgun" og "eyðileggingu á virðingu fólks, ógnaraðferðumum sem notaðar eru til að hræða heiðarlegt fólk með", eins og stendur í bréfinu. Þeir verkamenn sem komu fram fyrir hönd hópsins voru afgreiðslukona, kolanámuverkamaður og lásasmiður. Talsmaður þessara var kolanámuverkamaðurinn Vladimir Kelbanov, sem er 45 ára gamall frá Donbass. Hann fékk að kenna á harðstjórninni þegar hann fór að gera athugasemdir við öryggisútbúnaðinn og almennt öryggi verkamannanna á hans vakt, en hann var vaktformaður fyrir sína vakt. Hann sagði að markmiðið fyrir framleiðsluna hafi verið sett "óeðlilega hátt", þess vegna urðum við oft að vinna meira en 12 tíma í stað 6 tíma. Þetta leiddi svo af sér að við urðum það þreyttir að við gættum alls ekki nógu vel öryggisins. Enda fór svo að milli 12 og 15 manns dóu á hverju ári og 600-700 slösuðust í þeirri námu sem hann vann í. Kelbanov sagði að valdhafarnir hafi reynt að hald þessu leyndu eins og þeir gátu. Vegna þess að Kelbanov sagði frá þessum aðstæðum, var hann rekinn eftir 16 ára starf í námunni. Hann var lokaður inni á stofnun fyrir geðsjúka í 4½ ár. Núna stendur þessi verkalýðsandstaða upp og segir frá. Brésneff skal ekki takast að draga sovéskan verkalýð í svaðið, hann mun rísa upp til mikillar baráttu gegn nýju keisurunum í Kreml.

# Danmörk: ENDURSKOÐUNAR-STEFNAN BRÝTUR VERKFALL

Í byrjun október 1977 fóru 250 vélvirkjar við Scaniadam-Ford verksmiðjuna í Kaupmannahöfn í verkfall. Krafa verkfallsmanna var að launin yrðu hækkuð um 5 kr.danskar á tímann, sem samsvarar launum í hliðstæðum störfum í málmiðna'inum. Atvinnurekendurnir gerðu allt til að hnekkja verkfallinu, og tókst það loks eftir tæplega fjögurra mánaða verkfall með dyggilegri aðstoð verkalýðsfélagsins, sem leitt er af Danska Kommúnistaflokknum (DKP), sem er endurskoðunarsinnaflokkur á Moskvu-línu (stéttarsamvinnuflokkur).

Tilboð atvinnurekenda við launakröfum vélvirkjanna var krónu hækkun á tímakaupinu. Þessu "tilboði" var að sjálfsögðu hafnað. Verkfallsmenn áttu viðtækan stuðning í verkalýðshreyfingunni og víðar, og um 40 stuðningsnefndir voru stofnaðaf yfir alla Danmörku. Barátta vélvirkjanna var allan tíman mjög hörð gegn verkfallsbrjótum sem unnu undir löggregluvernd og fengu vélvirkjarnir lítinn stuðning frá verkalýðsfélagi sínu, þar sem verkfallið taldist "ólöglegt".

Forysta félagsins stagglaðist stöðugt á því að berjast ætti gegn atvinnurekendum en ekki innbyrðis.

Þann 8. janúar síðastliðinn skipaði forystan vélvirkjunum að hætta baráttunni gegn verkfallsbrotum , og í rauninni að gefast upp. Rökin fyrir þessu voru á þá leið að upphafleg barátta Scaniadam-vélvirkjanna fyrir réttlátum launum hefði þróast út í baráttu einstakra hópa verka manna. Með þessu stóð verkalýðsforystan gegn réttlátri baráttu gegn verkfallsbrotum.

Vélvirkjarnir megnuðu ekki að standa gegn þessu, og voru þvingaðir til að byrja vinnu á ný af sinni eigin forystu. En barátt unni er ekki lokið; vélvirkjarnir verða að sjá í gegnum stéttarsamvinnuna sem endurskoðunarsinnarnir í DKP standa fyrir, og þá munu þeir sigra.

**Konur bera uppi hálfan himininn (Maó)**

8. mars

# Rauðsokkar á rangri leið

MJÓLKURBÚÐAKONURNAR /SKILDU Í FJÖLDABARÁTTU SINNI AÐ BARÁTTAN VARÐ AÐ BEINAST GEGN ATVINNUREKENDUNUM OG RÍKISVALDI ÞEIRRA. MJÓLKURBÚÐAKONUR FYRIR UTAN ALÞINGI DAGINN SEM BÚÐUNUM VAR LOKAÐ 31. JAN.77.

Innan Rauðsokkahreyfingarinnar eru ýmsir straumar hugmynda um leiðir og markmið kvennabaráttu. Skipulag hreyfingarinnar býður upp á að allir geti komið þar og sinnt sínum hugðarefnum í kvennabaráttunni án þess að neinum samþykktum grundvelli sé framfylgt. Það er til dæmis mjög svo ólýðræðislegt að hver sem er í hreyfingunni geti sent ályktun til alþingis í nafni Rsh. um fyrirbæri eins og "tímabundin forréttindi". Og að einn hópur gefur út blað Rsh. "Forvitin Rauð" 1.mai 1976 sem svo annar hópur kaupir upp. Konur á nýliðafundi hlusta á framsögn um að brjóst kvenna orsaki kúgun þeirra í þjóðfélaginu, á meðan annar hópur innan hreyfingarinnar vinnur að því að heyja baráttuna á stéttabaráttugrundvelli. Slagkraftur Rsh. hefur aldrei verið neinn og oft er hreyfingin eingöngu hópur sem heldur kaffikönnunni gangandi.

Fjöldinn allur af konum hefur snúið baki við hreyfingunni eftir slæma viðkynningu í starfi Rauðsokkahreyfingunni hefur ekki tekist að fylkja konum saman í baráttunni gegn kúgun auðvaldsskipulagsins. Ástæðan fyrir því er að rangar línur eru mjög ríkjandi í hreyfingunni.

Sumir meðlimir Rsh. hafa jafnvel talið að róttæknislegt yfirbragð gefi hreyfingunni einhvern baráttustimpil, en hefur eingöngu virkað sem rauð dula yfir borgaraleg sjónarmið.

Kvenremba (feminismi) á sér marga talsmenn í Rsh. en það er stefna í kvennabaráttu sem á sér mikinn hljómgrunn meðal borgaralegra kvenna og hafa með sér samtök víða erlendis. Barátta kvenrembinga beinist gegn körlum og stendur um að skjóta þeim ref fyrir rass en tekur ekki mið af þjóðskipulaginu og stéttabarátt unni heldur af kynferði og mun því aldrei leiða til sigurs í kvennabaráttunni. Í Rsh. hefur ríkt mikil trú á þingræðisbaráttu og fyrirbæri eins og jafnréttisráði sem eru einmitt tæki ríkjandi stétta til að koma í veg fyrir ósættanlega baráttu undir því yfirskini að vera að koma til móts við kröfuaðila. Á þann hátt er baráttan lokuð inn í þingsölum og gefur þar upp öndina.

„Leiðin til frelsis konunnar er full þátttaka hennar í atvinnu- og þjóðmálum á grundvelli stéttabaráttu. Endanlegur sigur í jafnréttisbaráttunni og fullt frelsi kvenna næst aðeins með sigri sósíalismans. Til að ná því marki verða konur að hefja skipulega fjöldabaráttu strax og mynda framsækna kvennahreyfingu sem tekst á við þær andstæður sem leiða til misréttis og kúgunar í íslenska þjóðfélaginu. Enginn frelsar konuna undan kúgununni nema hún sjálf með stétt sinni. Því þurfa konur úr hópi vinnandi alþýðu kvennahreyfingu sem er sjálfstæð og baráttuaðferð sem miðast við hagsmuni verkakvenna og vinnandi alþýðu en hleypur ekki eftir duttlungum borgaralegra hug mynda svo sem kvenrembu."

Kvennahreyfingin. bls. 143
Baráttuleið Alþýðunnar stefnuskrá Eik(m-l).

# Kampuchea - Vietnam: Lítið miðar í samkomulagsátt

Lítið virðist miða enn sem komið er í lausn deilunnar milli Kampucheu og Vietnam.

Stjórn Kampucheu hefur fordæmt stjórn Vietnams fyrir að láta sem hún viti ekki af þeirri staðreynd að Víetnamski herinn hafi ráðist inn fyrir landamæri Kampucheu. Í yfirlýsingu frá stjórn Kampucheu segir að Vietnam reyni að þvinga Kampucheu til að sameinast "indókínversku samsteypunni" undir vietnamskri stjórn. Í yfirlýsingunni segir ennfremur að kampucheanska þjóðin, eins og allar smáþjóðir, vilji vera sjálfstæð og vernda sjálfræði sitt.

"Byltingarherinn og alþýða Kampucheu færðu miklar fórnir fyrir frelsun sinni undan oki kúgara, og kærir sig því ekki um að fá annan kúgara yfir sig heldur vera frjáls og ráða sínum eigin málum sjálf".

Stjórnin ítrekaði fyrri afstöðu sína að ekki gæti komið til samninga milli ríkjanna tveggja fyrr en Vietnam hætti árásum sínum á Kampucheu og drægi öll herlið sín af Kampucheönsku landi.

Í yfirlýsingum frá viet nömskum stjórnvöldum hefur ekki verið minnst á innrás vietnamsks herliðs inn í Kampucheu. Þar hafa komið fram ásakanir á hendur Kampucheu fyrir árásir inn fyrir landamæri Vietnams. Stefna Vietnams gagnvart Laos og Kampucheu er, "að mynda sérstök tengsl á milli þjóðanna, styrkja hernaðarlega samstöðu, gagn kvæmt traust, á jafnréttis grundvelli (.....) svo löndin, sem hafa verið sameinuð í þjóðfrelsisbaráttunni, megi standa sameinuð í uppbyggingunni og vörnum landa sinna fyrir sjálfstæði og velgengni" eins og stjórn Vietnams orðar þetta.

Það er ljóst orðið að landamæradeilur landanna tveggja verða ekki leystar fyrr en Vietnamska stjórnin hefur viðurkennt innrás herliða sinna inn á kampucheönsk landsvæði, og draga herliðin þaðan . Þá fyrst getur gagnkvæmt traust skapast, sem er forsenda samninga til lausnar landamæradeilunum á grundvelli einingu 3. heimsríkja.

# Heimdallur og unga fólkið

Auðstéttin hefur löngum verið þægð í því að æskulýður og ungt fólk almennt skipti sér lítið af þjóðmálum og byltingarsinnaðri hreyfingu.

Í einn stað er æskan alin upp í fáfræði og ósannindum um þjóðfélagsmál,- stéttabaráttan er ekki til, engin erlend ásælni, ekki undirokun o.s.frv.

Í annann stað er haldið að henni slævandi áróðri eða "tómstundagamni" sem á að sætta hana við hlutskipti sitt í þjóðfélaginu og halda henni frá stéttabaráttu í slarki.

Fjölmargir brjótast undan þessu, hefja vinnu snemma eða nýta sér skólagöngu vel og gerast baráttusinnar.

Flestir stjórnmálaflokkar taka þó dálítinn hluta æskunnar upp á sína arma. Það er bæði gert til þess að endurnýja flokkinn, veiða atkvæði meðal ungs fólks og ná í ódýrt en þjált vinnuafl.

Heimdallur.

Sjálfstæðisflokkurinn rekur Heimdall - félag ungra Sjálfstæðismanna. Forysta Heimdalls er ávallt að meirihluta ungir framámenn í flokknum. Almennir félagsmenn eru úr öllum áttum, en mest þó synir og dætur ríkisbubba sé litið á hinn virka kjarna.

Félagatala Heimdallar ku nú skipta þúsundum, en 90% eru óvirkir verðandi eða nýorðnir kjósendur Sjálfstæðisflokksins.

Það er fjármagn flokksins og valdastaða hans sem gerir Heimdalli kleift að safna málamynda fjöldafylgi. Nær ótakmörkuð fjárveiting er lögð í í ókeypis prentmál og auglýsingar, en inntökulistar látnir ganga t.d. um bekki í skólum með vitund skólayfirvalda.

Hver er stefnan?

Heimdallur reynir öðru fremur að höfða til þeirrar "kommúnistagrýlu" og íhaldssemi, sem þjóðfélagsmótunin hefur alið með mörgum æskumanninum. Stefnu samtakanna er ekki auðvelt að finna í samantekt - til er helst eitt og annað um "frelsi, framfarir og frjálslyndi".

Hannes Gissurarson einn af aðalhugmyndafræðingum Heimdallar.

Því er réttast að geta sér til um stefnu samtakanna í ljósi starfs þeirra á liðnum áratugum.

Í kreppunni miklu 1929-34 varð til nasista - og ofbeldislið hérlendis. Margir Heimdellingar voru þar nýttir til fólskuverka. Enn aðrir tóku svo við nasistum inn í Heimdall er Þjóðernisflokkurinn leið undir lok.

Orsök þessa er að leita í hrifningu hluta Sjálfstæðisflokksins og Heimdallar á nasismanum í Þýskalandi fyrir II.heimsstyrjöldina. Um það vitnar fjöldi blaðagreina.

Afturhald í öðrum klæðum

Eftir kreppuna sljákkaði í nasistum. En 1949 gengu margir Heimdellingar enn fram til að berja á alþýðunni - nú vegna mótmæla gegn inngöngu Íslands í NATO. Þeir voru vopnaðir og hluti "varalögreglunnar".

Á árum Kaldastríðsins voru verkalýðsinnar og baráttumenn þráfaldlega grýttir, barðir og húsnæði þeirra skemmt. Enn voru Heimdellingar fremstir í flokki og sjást ma. á myndum af Keflavíkurgöngum eða - fundum.

Heimdellingar hafa og verið notaðir til verkfallsbrota t.d. í verkfallinu 1955 og í Áburðarverksmiðjudeilunni 1975. Þá hafa Heimdellingar í H.Í. varið fasistsvaldaránið í Chile. Þannig mætti lengi telja.

Gangið úr Heimdalli.

Fyrrgreind ásýnd svartasta afturhalds og fasisma leynist í raun á bak við lýðræðis - og frelsisfrasa Heimdallar. Í hvert sinn sem stéttaátök skerpast kemur hún fram og samtökin eru nýtt til árása á verkalýð og aðra alþýðu.


Október

Gerum verkalýðs hreyfinguna að baráttuhreyfingu
Gerum verkalýðs hreyfinguna að baráttuhreyfingu
Fræðslurit um verkalýðsmál

Október forlagið hefur nýlega gefið út fræðslurit um Verkalýðsmál og heitir það Gerum Verkalýðshreyfinguna að Baráttuhreyfingu. Þar eru m.a. greinar um stéttgreiningu, saga verkalýðshreyfingarinnar, hlutverk stéttarfélaganna, skipuleggjum baráttuna og margt fleira. Þennan bækling ættu allir að eignast sem láta sig baráttumál verkalýðs skipta. Hann getur orið gott innlegg í umræðu um verkalýðsmál. Bæklingurinn fæst hjá Októberog kostar 500 kr.


## Samtíningur

Áreiðanlegar heimildir hafa talið okkur trú um að Kristján Guðlaugsson, fyrrum aðalritari "Kommúnistaflokks Íslands m-l" hafi lagt til að flokkurinn tæki þátt í næstu alþingiskosningum - á þann veg að mynda bandalag við "þekktar persónur" um ýmis dægurmálefni. Meðal þeirra sem Kristján nefndi sem væntanlega bandamenn var Bjarni Guðnason, prófessor sem dvelst í Lundi ásamt Kristjáni. Nú er hið væntanlega bandalag líklega draumurinn einn - 26. janúar lesum við í Vísi að Bjarni ætli í kosningaslaginn með Alþýðuflokkn um. Svo bregðast krosstré sem önnur tré.

Nýtt hjá OKTÓBER:

Nýr Rauðliði, fræði- og menningarlegt tímarit EIK (m-l) kom út fyrir skömmu.

Í ritinu eru eftirtaldar greinar:
Hua Kuo-feng: Haldið byltingunni fram til loka á tíma alræðis öreiganna.
Nokkur vandamál stéttgreiningar á Íslandi.
Hvað hefur gerst í Sovét-ríkjunum?
Punktar um fjórmenningana í Kína.
Frelsisbaráttа Afríkuþjóða.
Gerum stéttarfélögin að baráttutækjum verkalýðs.
Bæklingur um Chile - ritdómur.

Öðinsgötu 30. Opið: miðvikudaga kl. 5-7 og föstudaga kl. 5-7 og laugardaga kl. 2-4.
Akureyri:Hafnarstr.79.

# 8 mars

Framh. af forsíðu

EIK(m-l) og Verkalýðsblaðið fagna starfi frumkvæðishópsins og heita 8.mars hreyfingunni öllum þeim stuðningi sem við erum megnug að veita. Skipuleg barátta kvenna er að hefjast og verður 8.mars hreyfingin að verða fyrsta skrefið í þá átt að byggja raunverulega og virk baráttusamtök kvenna.

Frumkvæðishópurinn hefur látið útbúa merki 8.mars. Við hvetjum alla til að kaupa merki og bera það. Það er mikilvægt til að sýna samstöðu og að 8.mars hreyfingin er stór.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ
ÁRDRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Málgagn EIK (m-l)
Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á giró 12200-9

Landsbókasafnið
Hverfisgötu
101 R

## Blaðamenn krefjast sömu launa fyrir sömu vinnu

# Því virðist treyst að blaðamenn fari aldrei í verkfall

## Rætt við Gunnar E Kvaran blaðamann



Blaðamannafélag Íslands, sem telur nú um 180 félagsmenn, hefur sagt samningum sínum við útgefendur lausum og hefur sáttasemjara ríkisins verið falin stjórn samningaviðræðna. Saga málsins er í stuttu máli sú, að 28. júlí 1977 var undirritað samkomulag um kaup og kjör blaðamanna og var í því ákvæði um að samræma skyldi kjör blaðamanna og fréttamanna ríkisútvarpsins. Skyldi samræmingunni lokið fyrir 20.janúar 1978, en síðan gæti hvor aðili um sig sagt upp samningnum ef samstaða næðist ekki um samræminguna.

Gunnar E. Kvaran blaðamaður og fulltrúi í launamálanefnd Blaðamannafélagsins, sagði við Verkalýðsblaðið, að fljótsagt væri að útgefendur hafi gengið fullkomlega á bak samningunum frá í júlí, þar sem þeir viðurkenndu ósamræmi á milli kaups og kjara fréttamanna og blaðamanna, og hafi þeir nú vísvitandi siglt í strand samningaviðræðum blaðamanna við útgefendur. Sérstök nefnd aðila var skipuð í fyrrasumar og var hlutverk hennar að vinna að samræmingu, en þegar kom að því að meta hinn raunverulega mismun, þá neituðu útgefendur að fallast á að Kjararannsóknarnefnd mæti kaup og kjör fréttamanna og blaðamanna og gáfu loks út yfirlýsingu um að fullt samræmi væri á kjörum þessara hópa!

- Það þarf yfirskilvitlega útreikninga til að fá þessa útkomu úr dæminu, sagði Gunnar E. Kvaran. Til dæmis eru byrjunarlaun okkar blaðamanna nú 109.990 kr., en byrjunarlaun fréttamanna eru 190.911 kr., eða 2000 lægri en hæstu laun blaðamanns eftir 13 ára starf! Þá hafa útgefendur tínt til ýmis atriði, sem þeir vilja að borin verði saman, en jafnframt tekið sérstaklega fram að verðtryggður lífeyrissjóður fréttamanna skuli ekki tekinn í myndina. Þetta teljum við auðvitað mikilvægt kjaraatriði.

Nýr samningur verði gerður!

- En úr því að útgefendur hafa hafnað samræmingunni, og jafnvel neitað því að ósamræmi sé til staðar, án þess að rökstyðja það og neita að láta Kjararannsóknarnefnd gera úttekt á kjörunum, þá hljótum við að líta svo á að við verðum að hefja samningsgerð frá grunni og höfum því sagt samningum lausum og erum að móta kröfur til að leggja fyrir útgefendur.

- Nú hefur formaður félags blaðaútgefenda (Haraldur Sveinsson, framkvæmdastjóri Morgunbl.) sagt af sér, hvað er um það að segja?

- Þetta þýðir væntanlega, að djúpstæður ágreiningur er á milli einstakra útgefenda og því freistandi að líta svo á að þeir séu ekki einhuga um fáránlega afstöðu útgefendafélagsins til samræmingarmálsins. En auðvitað er það okkur hagstætt að sem mestar andstæður skapist í röðum andstæðinganna, það gæti þýtt betri útkomu úr samningum.

- Er þá verkfall blaðamanna framundan?

- Það er mikið reynt að nota það á okkur að fjárhagur blaðanna sé bágborinn og útgefendur virðast beinlínis treysta því að blaðamenn fari ekki í verkfall. En þeir eiga ábyggilega eftir að komast að því að það getur verið dýrkeyptur misskilningur, sagði Gunnar E. Kvaran.

Fréttaritari.

## Úr þingsölum:

# Samtryggingarþögn um umboðslaunin

Magnús Kjartansson, alþingismaður, hefur í vetur reynt að nota formlegan rétt sinn sem þingmanns til þess að fá upplýsingar um greiðslur fyrir umboðin - upphæðir og fleira í þeim dúr.

Ekkert hefur enn gengið að fá uppgefnar þessar upplýsingar hjá ráðuneytum og gjaldeyrisyfirvöldum, aðeins það að "umboðstekjur 17 helstu aðila, sem m.a. hafa umboð fyrir áfengi og tóbak, hafi verið um 200 millj. kr. á árinu 1976". Jafnframt lýsir gjaldeyriseftirlitið því yfir, að á engan hátt sé tryggt að umboðslaunin - sem greidd eru í erlendri mynt - skili sér í gjaldseyrisbanka hér á landi.

Með öðrum orðum: þarna horfa yfirvöld á heildsala og braskara stinga undan óskildum fúlgum, án þess að hreyfa legg eða lið.

Viðskiptaráðuneytið benti á að peninganna mönnum í ríkisbákninu væri óheimilt að skýra "óviðkomandi mönnum" frá umbeðnum hlutum. Magnús Kj. hefur lýst furðu sinni yfir valdleysi sínu.

En vitanlega er kjarni málsins aðeins sá, að vald þingmanns er aðeins formlegt, og í raun skammtar borgarastéttin þessari sýndarsamkundu sinni valdið.

Þingmenn fá að rausa í friði og gjamma út í ríkisstjórnina og hver út í annan, en um leið og þeir fá á sig þrýsting til að leiða eitthvað fram í dagsljósið sem skaðað gæti innviði hins rotna auðvaldsskipulags, þá hrekkur allt í baklás. Formlegt vald verður að valdleysi og embættismannahirð auðvaldsins tekur höndum saman og felur for ina. Þannig er nú lífið Magnús Kjartansson.

En hvað um það, tilraunir M.Kj. til að skyggnast inn í heim braskaranna eru virðingar verðar og verðskulda stuðning alþýðu. Verkalýðsblaðið hvetur til þess að þessu máli verði fylgt með öllum ráðum - og þá ekki síður utan þingsala. En hinu ætlum við ekki að halda fram - að þessar tilraunir M.Kj. séu liður í allsherjar afhjúpunarstarfi hans á þingræðisblekkingunni. Ef svo væri, þá myndi hann setja málið í víðara samhengi og draga af því ályktanir. Og þá myndi hann gera upp við Alþýðubandalagið og þingsalamarsúrka leiðtoga þess.

## 3. grein Landsfundur AB:

# Herinn kyrr

Þriðja grein í flokki um landsfund Alþýðubandalagsins og stöðu flokksins birtist hér. Hinar tvær fjölluðu um setningarræðu Ragnars Arnalds (í 15.tbl.'77) og um stjórnmálasamþykkt landsfundarins (í 1.tbl.'78). Fjórða og síðasta greinin fjallar um innvið AB,kosningatal og stöðu flokksins. Hún mun birtast í 3.tbl.'78.

### Á AÐ SELJA DÝR LOFORÐ.

Virðing Sósíalistaflokksins fyrir þingræðisbaráttunni og fráhvarf hans frá helstu undirstöðuatriðum marxismans og stéttabaráttunnar leiddi til vanmáttugrar alþýðubaráttu gegn inngöngu Íslands í NATO og gegn herstöðvasamningunum.

Á þeim tíma og síðan hefur þó ávallt verið góður fjöldagrunnur til baráttu.

Þessa andstöðu eignar AB sér og nýtir til kosningafylgis. En þrátt fyrir hástemmd loforð um rismikla baráttu sýnir saga undangenginna áratuga allt annað.Hreyfing herstöðva- og NATO-andstæðinga hefur sveiflast um kyrrstöðuna. Röng eða engin fjöldastefna AB og þýlyndi við Sovétríki kapítalismans hafa helst þreytt þúsundir baráttusinna. Og árangurinn er sá að tekist hefur að viðhalda andstöðunni meðal almennings eftir þrjár misheppnaðar tilraunir til þess að starfrækja samtök gegn her og NATO,þrátt fyrir allt. Þessi dómur er dómur fjöldans.

En orsakanna fyrir því að baráttunni gegn herstöðvunum og risaveldunum miðar ekki áfram er ekki einungis að leita í vangetu AB til forystu. Flokkurinn verslar með markmið and-heimsvalda sinna.

### AB Í "VINSTRI" STJÓRN.

Forysta Sósíalistaflokksins (og AB) skóp stéttafrið með Nýsköpunarstjórninni (í samvinnu við Sjálfstæðisflokkinn) og "vinstri" stjórn 1956 - 58.

Eftir sams konar kratastefnu var farið til þess að AB kæmist í stjórn með Framsóknarflokki o. fl. 1971 - 74. Þá var makkað um hermálin og útkoman varð: - Stefnt að því að herinn færi á kjörtímabilinu. Úrsögn úr NATO látin sigla sinn sjó.

Í framkvæmd leiddu þessi svik AB til þess að Samtök herstöðvaandstæðinga felldu niður kröfu um úrsögn úr NATO og ekkert miðaði að brottför hersins. Á vegum stjórnarinnar var meira að segja unnið að endurnýjun varnarsamningsins !

### FALIN STRÍÐSHÆTTAN.

Alþýða manna gleymir ekki afrekum AB í hermálinu,þó digurt sé talað nú um "baráttu á öllum vígstöðvum gegn her og NATO" (Þjóðv.22.11.77.) Hugsunin um að flokkurinn muni enn á ný gera "sögulegar málamiðlanir", jafnvel við Sjálfstæðisflokkinn,til þess að komast í ríkisstjórn er rík meðal fjöldans.

En svik AB eru enn ljósari í öðru atriði en hvað snertir baráttuna gegn her,NATO og risaveldunum. AB segir ekkert um sífaukinn vígbúnað risaveldanna og fölskuverk um allan heim. Flokkurinn lýtur meira að segja blekkingasáttmála um "frið" frá Helsinki í einu og öllu.

Það er því ekkert undarlegt að ekki skuli standa eitt orð um alþjóðamál í stjórnmálaályktun eða öðrum plöggum landsráðstefnunnar. Meira að segja hermálið er afgreitt með fjórum línum (á heilli opnu) í Þjóðviljanum.

Í komandi alþingiskosningum mun forysta AB enn reyna að höfða til and-heimsvaldasinna innan og utan flokksins í atkvæðaveiðum. Þar verða á ferðinni innantóm loforð og tilraunir til þess að fela hættu þá sem steðjar að landinu - stríðsundirbúning risaveldanna.

| | 1975 NATO | Varsj.b. | Þar af Sovjet | 1977 NATO | Varsj.b. | Þar af Sovjet |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Brynv.herdeildir | 12 | 31 | 19 | 10 | 32 | 22 |
| Fótgöngul.deildir flug- og vélvæddar | 15 | 37 | 21 | 17 | 38 | 23 |
| Árásarlið | 625 000 | 895 000 | 595 000 | 630 000 | 945 000 | 640 000 |
| Skriðdrekar | 7 000 | 19 000 | 11 500 | 7 000 | 20 500 | 13 500 |

Liðsafli NATO og Varsjárbandalagsins í Norður og Mið-Evrópu - Aukning.

Bandaríkin höfðu um 490 000 manna herlið á erlendri grund 1977 - 27 000 manna aukning. Heimild: US News and World Report 1977/'78. Í Mið- og Norður-Evrópu er liðsafnaðurinn þessi (NATO/Varsjárbandalagið):